

## Sérnámshandleiðari (educational supervisor)

Sérnámslæknir hefur ákveðinn sérnámshandleiðara allan sinn námstíma. Sérnámshandleiðari er aðalleiðbeinandi námslæknis og styður hann til að standast lágmarkskröfur námsframvindu. Námslæknir hefur einnig klínískan handleiðara en sérnámshandleiðari getur eftir atvikum jafnframt verið klínískur handleiðari.

### Sérnámshandleiðari þarf að:

1. Þekkja marklýsingu (curriculum) námsins.
2. Þekkja ákvörðunartól framvindu námsins (decision aid).
3. Hitta námslækni a.m.k. tvisvar sinnum á ári.
4. Funda í upphafi hvers námsárs með námslækni.
  - Skoða yfirlitsblað (profile) námslæknis.
  - Skoða vistir námslæknis.
  - Skrifa undir námssamning (declarations and agreement).
  - Ræða undirbúning fyrir FRCEM próf.
5. Eiga reglulega fundi með námslækni :
  - Námslæknir sér um að finna fundartíma.
  - Námsframvinduáætlanir (PDP) eru yfirfarnar.
  - Nota skal eyðublaðið „educational meeting“ til að skrá niðurstöðu fundar.
  - Fara yfir undirbúning og framvindu í FRCEM prófum.
6. Undirbúa árlegt framvindumat sérnáms sem er í júní á hverju ári (Annual Review of Competency Progression - ARCP). Námslæknar og sérnámshandleiðari þurfa að funda í síðasta lagi í maí (a.m.k. fjórum vikum fyrir ARCP) og taka saman árangur ársins:
  - Tryggja þarf búið sé að fylla út Structured Training Report (STR)– gert af sérnámshandleiðara ef námsvist er á bráðamóttöku en klínískum handleiðara fyrir námsvist á öðrum deildum. Sérnámslæknir verður ekki metinn til framvindu á ARCP ef STR liggur ekki fyrir.
  - Það er á ábyrgð námslæknis að öll gögn séu í e-Portfolio og sett upp á skilmerkilegan hátt, enda metur ARCP nefndin einungis það sem skráð er í ePortfolio.
  - Ganga þarf úr skugga um að námslæknir hafi tengt viðeigandi skjöl og matsblöð við nægilegan hluta marklýsingar.

- Samþykkja þarf hæfni (competence) námslæknis fyrir viðeigandi hluta marklýsingar, athugið að yfirfara hæfni í þáttum Major og Acute Competencies, Procedural Competencies, Anesthetic Competencies, Intensive Care Medicine Competencies og Common Competencies.